



Pórshöfn 17.10.2024

Efni: Heimild til lántöku.

Sveitarstjóri óskar hér með eftir heimild sveitarstjórnar til lántöku hjá Landsbanka Íslands. Lántakan er í formi hækkunar á yfirdráttarheimild úr 60.000.000.- í 100.000.000.-

Um er að ræða lántöku vegna eftirfarandi liða samkvæmt viðaukum sem samþykktir hafa verið og gert var ráð fyrir skammtíma lántöku til framkvæmda:

1. Framkvæmdir við höfnina samkvæmt viðauka 1 frá 28. fundi sveitarstjórnar	kr. 27.135.270.-
2. Fjárfesting í tjaldsvæði á Bakkafirði, viðgerð á íbúð að Bakkavegi 23, íbúð C samkvæmt viðauka 2 frá 32 fundi sveitarstjórnar	kr. 14.100.000.-
3. Bílastæði við Langanesveg 3 samkvæmt viðauka 3 frá 34. Fundi sveitarstjórnar	kr. 13.063.414.-
4. Kaup á íbúð við Bakkaveg, viðauki 4 frá 36 fundi sveitarstjórnar	kr. 26.600.000.-

Samtals kr. 80.898.684.-

Á árinu 2024 á sveitarfélagið eftir að fá eftirfarandi greiðslur:

Jöfnunarsjóðsframlag 2024 vegna sameiningar sveitarfélagana 2022	kr. 83.700.000.-
Greiðslur vegna endurbóta á Nausti úr framkvæmdasjóði aldraðra (síðari greiðsla).	kr. 29.300.000.-

Samtals kr. 113.000.000.-

Þessar greiðslur verða notaðar til að greiða niður nýttan yfirdrátt. Lán vegna kaupa á íbúð við Bakkaveg færast yfir á eignina við afhendingu hennar 1. desember 2024.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri